

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 85 frá 22. nóv. 1907, 16. gr., sbr. lög nr. 29 frá 13. sept. 1901, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 18. marz 1943.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

um breyting á tímaákvörðunum og kærufrestum, er um ræðir í IV. kafla laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum frá 10. maí 1943, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að tímaákvörðanir og frestir samkvæmt 36., 37. og 38. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, skuli breytast svo sem hér segir við álagningu tekju- og eignarskatts, stríðsgróðaskatts og verðlækkunarskatts árið 1943:

Utan Reykjavíkur.

Skattskrár skulu lagðar fram fyrir 25. maí þ. á. og skulu þær liggja frammi til 1. júní þ. á. á lögákveðnum stað.

Kærufrestur til undirskattanefnda skal vera til 1. júní þ. á.

Úrskurðir undirskattanefnda um kærur skulu felldir fyrir 5. júní þ. á.

Kærufrestur til yfirsattanefnda skal vera til 15. júní þ. á.

Úrskurðir yfirsattanefnda skulu felldir fyrir 25. júní þ. á.

Yfirsattanefndir skulu hafa lokið störfum fyrir 25. júní þ. á.

Fjármálaráðuneytið, 18. maí 1943.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

REGLUGERÐ

um orlof.

1. gr.

Orlofsfé skal greitt með orlofsmerkjum hvert skipti, sem útborgun vinnulauna fer fram. Ákvæði þetta gildir þó ekki um starfsmenn, sem eru í áframhaldandi fastri stöðu, sbr. 4., 5. og 6. mgr. 4. gr. laga um orlof.

2. gr.

Póststjórnin gefur út orlofsmerki og orlofsbækur. Bækurnar séu í hæfilegu vasabókarformi, tölusettar í framhaldsröð fyrir hvert orlofsár.

101 Orlofsmerki skulu vera til sölu og orlofsbækur til afhendingar ókeypis í öllum póstafgreiðslum. Halda skal skrá yfir þá, sem orlofsbækur hafa verið afhentar, og skal sá, sem tekið hefur á móti orlofsbók, kvitta fyrir móttöku hennar á þar til gerð eyðublöð.

Á titilblað bókarinnar skal starfsmaður rita nafn sitt, stétt, heimili og í hvaða stéttarfélagi hann er, um leið og bókin er afhent og í viðurvist þess, er afhendir honum bókina.

3. gr.

Á orlofsárinu 1943—1944 verða notuð yfirprentuð frímerki sem orlofsmerki, og hafa þau þessi verðgildi: 10, 20 og 50 aurar, 1, 2, 5 og 10 krónur.

Orlofsfé skal standa á tug aura, þannig að 5 aurar og þar yfir færast upp í 10 aura, en minni upphæð er sleppt.

4. gr.

Orlofsbók gildir aðeins fyrir eitt orlofsár, og skal það tilgreint fremst í bókinni, og má aðeins festa í þær orlofsmerki fyrir vinnu á því orlofsári.

Kaupgreiðandi skal líma orlofsmerkin á þær blaðsíður orlofsbókarinnar, er til þess eru gerðar. Merkin skulu sett í áframhaldandi láréttar raðir og skal jafnan nota sem fæst merki. Síðan skal kaupgreiðandi skrifa á merkin þá dagsetningu, er merkjasetningin fer fram og upphafsstafi sína eða stimpil sinn eða fyrirtækis þess, er kaupði greiðir.

Bókareigandi skal skrifa á jaðar hvernar blaðsíðu heildarverð orlofsmerkja í hverri röð, og þegar síðan er útfyllt af merkjum, skal hann tilgreina heildarverð merkja á síðunni og færa það sérstaklega aftast í bókina.

Hrökkvi orlofsbók ekki fyrir ársnotum, skal afhenda starfsmanni nýja bók fyrir það, sem eftir er af árinu.

5. gr.

Orlof skal veitt í einu lagi á tímabilinu 1. júní til 15. september.

Frá ákvæði 1. mgr. eru gerðar eftirfarandi undantekningar:

- Orlofi starfsmanna við sveitastörf skal skipta þannig, að $\frac{1}{3}$ hluti orlofsins sé veittur á tímabilinu 1. til 15. júní, en $\frac{2}{3}$ hlutar orlofsins séu veittir á tímabilinu frá 15. október til 30. nóvember.
 - Orlof starfsmanna við sildveiðar og sildarverksmiðjur skal veitt á tímabilinu frá 1. október til 1. júní.
 - Orlof starfsmanna við póst og síma skal veitt á þeim tíma, sem segir í reglum um starfrækslu og starfsmenn landssímans frá 27. febrúar 1935.
 - Starfsmönnum, sem stunda vinnu fjarri heimilum sínum, skal ekki veitt orlof meðan þeir stunda slíka vinnu.
 - Farmenn eru ekki skyldir til að taka orlof þegar skip eru í erlendri höfn.
- Aðilar geta með samkomulagi ákveðið að orlofi skuli skipta og að það skuli veitt á öðrum tímum árs en í þessari grein segir.

6. gr.

Vottorð þau og áletranir, sem um ræðir í 10.—14. gr. laga nr. 16/1943, um orlof, skulu skráðar á þær blaðsíður orlofsbókar, er til þess eru ætlaðar.

7. gr.

Óheimilt er starfsmanni að vinna í orlofi sínu fyrir kaup í starfsgrein sinni eða skyldum starfsgreinum. Það teljast skyldar starfsgreinar, þar sem vinna sú, sem framkvæmd er, reynir á svipaðan hátt á starfspól manna. Þannig teljast að þessu leyti skyldar starfsgreinar hvers konar útvinna í sveit við heyskap, jarða-

bætur, húsagerð, mótak, torfskurð og annað slíkt og enn fremur hvers konar grjót- **101**
vinna, vegagerð og gatnagerð, járnsmíðar, húsasmíðar, steinhögg og steinsteypu- 19. maí
vinna, skurðgröftur og hvers konar jarðvinna með handverkfærum. Skyldar starfs-
greinar teljast enn fremur þessu samkvæmt hvers konar sjósókn og siglingar, fisk-
veiðar og fiskverkun, frystihúsavinna, uppskipun með vélum og önnur hafnarvinna
og þess háttar. Þá teljast skyldar starfsgreinar ritstörf, skrifstofustörf, búðarstörf,
prentvinna, prófarkalestur, bókband, létt verksmiðjuvinna innanhúss, gistihúsa- og
veitingahúsavinna og önnur innanhússtörf, sem ekki reyna mjög á líkamskrafta
manna, bifreiðaakstur, húsgagnagerð, klæðasaumur, gull- og silfursmíðar, skó-
smíðar, söðlasmiðar og önnur létt handverk o. s. frv.

8. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 24. maí 1943.

Bráðabirgðaákvæði:

Þar til orlofsbækur og orlofsmerki eru tilbúin til sölu á póstafgreiðslum, skulu
kaupgreiðendur greiða starfsmönnum sínum í peningum 4% af kaupi því, er þeir
hafa borið úr bítum fyrir vinnu sína þennan tíma, shr. þó 2. mgr. 4. gr. laga nr.
16/1943.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 16 26. febrúar 1943,
um orlof, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. maí 1943.

Björn Þórðarson.

Gunnl. E. Briem.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Trjáræktar- og blómræktarsjóð“, **102**
útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 20. maí 20. maí
1943.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Trjáræktar- og blómræktarsjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Trjáræktar- og blómræktarsjóður.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með frjálsum samskotum starfsmanna Alþingis 1943,
í minningu um 100 ára afmæli tilskipunar um endurreisn Alþingis frá 8. marz 1843.
Stofnfé sjóðsins er kr. 1500.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja tvo efnilega unglinga — dreng og stúlku —
til þess að læra blómarækt og trjárækt, og að verðlauna einstaka menn fyrir að
koma upp vel ræktuðum trjágörðum og blómgörðum við heimili sín.